

Aðalfundur Ský 23. febrúar 2023

Snæbjörn Ingi Ingólfsson opnar fundinn og tilnefnir sjálfan sig sem fundarstjóra og Maríu Dís Gunnarsdóttur sem ritara. Var það samþykkt.

1. Snæbjörn fór yfir skýrslu stjórnar
 - a. Síðasta starfsár fór vel af stað eftir covid og viðburðahald fór á fleygiferð á ný.
 - b. Kynjaskipting í félaginu endurspeglar vel kynjaskiptingu IT geirans í heild.
 - c. Meiri halli á aldursskiptingu í félaginu og stjórn hefur ráðist í aðgerðir til að jafna aldursbreidd félaga.
 - d. Fjölgun í faghópum almennt. Flestir í faghóp um öryggismál sem er eðlilegt miðað við þróun og stöðuna í dag. Hagnýting gagna er sá hópur sem hefur fengið flesta meðlimi til viðbótar á árinu.
 - e. Aðsókn á viðburði hefur batnað talsvert með haustinu og verið fín frá því í haust.
 - f. Farið yfir kynjahlutfall fyrirlesara á viðburðum og kynjahlutfall þátttakenda á viðburðum og endurspeglar það vel hlutfall kvenna bæði í félaginu og IT geiranum í heild.
 - g. Farið yfir UT verðlaun 2023 sem veitt voru á Utmessunni. Controlant hlaut verðlaunin, en aðrir sem fengu verðlaun í öðrum flokkum voru t.d. AwareGo, Snerpa Power, Cert-ÍS og Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir.
 - h. 5 seríur af UT hlaðvarpi Ský hafa verið birtar nú þegar og tekist vel til.
 - i. Bebras áskorunin, alþjóðlegt verkefni sem Ský stendur fyrir í öllum skólum landsins árlega. 30 skólar eða 2.145 nemendur tóku þátt í nóvember 2022.
 - j. DiversIT sáttmálinn – Ský er „ambassador“ fyrir þessa evrópsku vottun um fjölbreytileika innan fyrirtækja. Ský hlaut Gull vottun.
 - k. Vísindaferð til Controlant í haust, um 35 manns mættu. Fleiri vísindaferðir fyrirhugaðar í vor.
 - l. Stefnumótun félagsins fór af stað: tilgangur að fjölga félögum, virkja félaga og ná til yngra fólks í faginu.
Hluti af því sem er verið að endurskoða er; viðburðahald, ásýnd og auknar tekjur til félagsins. Til stendur að kynna niðurstöður stefnumótunarinnar í vor.
2. Skýrslur nefnda og starfshópa
 - a. Orðanefnd: mjög virk á árinu. Um 300 ný hugtök komin inn í tölvuorðasafnið, þar af um 100 á síðasta ári. Virkur umræðuhópur á FB um íslensk tölvuorð. Orðanefnd óskar eftir listum af hugtökum sem vantar þýðingu á.
 - b. Ritnefnd: sér um útgáfu tímaritsins Tölvumál sem gefið er út árlega í nóvember og vikulega pistla á vefsíðu Ský. Undirbúningur næstu prentútgáfu er að hefjast.
 - c. Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu: Aukning félaga í faghópnum 5 frá síðasta aðalfundi og hefur faghópurinn staðið að 3 viðburðum á starfsárinu.
 - d. Öryggishópur: Aukning félaga í faghópnum 36 frá síðasta aðalfundi og hefur faghópurinn staðið að 3 viðburðum á starfsárinu.
 - e. Fjarskiptahópur: Aukning félaga í faghópnum 19 frá síðasta aðalfundi og hefur faghópurinn staðið að 2 viðburðum á starfsárinu.
 - f. Faghópur um hugbúnaðargerð: Aukning félaga 31 frá síðasta aðalfundi og hefur faghópurinn staðið að 2 viðburðum á starfsárinu.
 - g. Faghópur um vefstjórnun: Aukning félaga 17 frá síðasta aðalfundi og hefur faghópurinn staðið að 4 viðburðum á starfsárinu.

- h. Faghópur um rekstur tölvukerfa: Aukning félaga 31 frá síðasta aðalfundi og hefur faghópurinn staðið að 3 viðburðum á starfsárinu.
- i. Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörf í IT: Aukning félaga 29 frá síðasta aðalfundi og hefur faghópurinn staðið að 1 viðburði á starfsárinu en einn nú þegar tilbúinn á dagskrá með vorinu.
- j. Faghópur um hagnýtingu gagna: Aukning félaga 49 frá síðasta aðalfundi og hefur faghópurinn staðið að 2 viðburðum á starfsárinu.
- k. Faghópur um rafræna opinbera þjónustu: Aukning félaga 30 frá síðasta aðalfundi og hefur faghópurinn staðið að 1 viðburði á starfsárinu.
- l. Söguhópur: Aukning félaga 9 frá síðasta aðalfundi. Faghópurinn stóð fyrir frábærri sýningu á UTmessunni á gömlum tölvumínum. Hægt að skrá tivlist og notkun á gömlum búnaði inn á tolvur.sky.is.

3. Tilnefning heiðursfélaga

- a. Ekki verða tilnefndir nýjir heiðursfélagar í ár.

4. Reikningar félagsins

- a. Farið yfir helstu tölur í ársreikning félagsins.
Tekjurnar aukast talsvert á árinu en gjöldin aukast á móti vegna fjölgunar viðburða sem loksins var hægt að halda.
Félagið er að koma úr töluverðu tapi árið 2021 í mun minna tap árið 2022 og er því á réttri leið.
Stjórn leggur þennan ársreikning fram til samþykktar aðalfundar. Ársreikningur bókast með einróma samþykkt.

5. Lagabreytingar

- a. Engar tillögur um lagabreytingar í ár.

6. Ákvörðun félagsgjalda

- a. Tillaga lögð fram um breytingu á fyrirkomulagi verðskrár:
Lagt til að fara úr þrískiptri verðskrá sem hefur verið í gildi síðustu ár og færum okkur yfir í tvískipt módel og hækkun á félagsgjöldum í takt við vísitölur.

Tillaga nýrrar verðskrár:

Fyrsti félagi 35.900

Allir félagar eftir það 8.900

Einstaklingsaðild 8.900 kr.

Einstaklingar utan vinnumarkaðar 0 kr.

Tillagan bókast með einróma samþykkt.

7. Stjórnarkjör

- a. Þrjár aðilar í stjórn eiga eitt kjörar eftir og sitja áfram í stjórn.
- b. 5 aðilar gefa kost á sér í stjórn og þarf fundur að kjósa fulltrúa úr þeim hópi í stjórn. Kynning frá aðilum í framboði til stjórnar.
- c. Niðurstöður kosningar. Eftirfarandi aðilar eru kjörnir í stjórn Ský til 2ja ára: Snæbjörn Ingi, María Dís, Hrefna Lind og Benedikt.

- d. Dagbjartur gefur kost á sér sem formaður stjórnar og er skipaður næsti formaður stjórnar Ský.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
 - a. Sigurjón Pétursson og Hjörtur Grétarsson gefa kost á sér og eru skipaðir skoðunarmenn reikninga.
 9. Nefndarkjör
 - a. Tölvumál:
Ásta Gísladóttir gefur kost á sér áfram sem ritstjóri Tölvumála
Framboð samþykkt til stjórnar og ritstjóra, pláss fyrir fleiri áhugasama í stjórn faghópsins
 - b. Orðanefnd:
Framboð samþykkt til stjórnar
 - c. Faghópur um hugbúnaðargerð:
Framboð samþykkt til stjórnar, pláss fyrir fleiri áhugasama í stjórn faghópsins
 - d. Faghópur um rekstur tölvukerfa:
Framboð samþykkt til stjórnar, pláss fyrir fleiri áhugasama í stjórn faghópsins
 - e. Faghópur um vefstjórnun:
Framboð samþykkt til stjórnar
 - f. Faghópur um rafræna opinbera þjónustu:
Framboð samþykkt til stjórnar, pláss fyrir fleiri áhugasama í stjórn faghópsins
 - g. Faghópur um menntun, fræðslu- og fræðistörf í UT
Framboð samþykkt til stjórnar, pláss fyrir fleiri áhugasama í stjórn faghópsins
 - h. Faghópur um fjarskiptamál:
Framboð samþykkt til stjórnar
 - i. Faghópur um öryggismál:
Framboð samþykkt til stjórnar, pláss fyrir fleiri áhugasama í stjórn faghópsins
 - j. Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisgeiranum:
Framboð samþykkt til stjórnar
 - k. Faghópur um hagnýtingu gagna:
Framboð samþykkt til stjórnar
 - l. Söguhópur:
Framboð samþykkt til stjórnar
 10. Önnur mál:
 - a. Kveðja fráfarandi úr aðalstjórn Ský: Kristján Ólafsson og Aðalheiður Guðjónsdóttir.